



Á R S S K Ý R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi 1981.

1. VEÐURFAR.

Meðalhiti ársins var í Síðumúla 2.1° , sem er 1.1° undir meðallagi. Allir mánuðir ársins, nema apríl og ágúst, voru kaldari en í meðalári. Sumarhiti var þessi á nokkrum stöðum á Vesturlandö og Vestfjörðum:

| | | | | |
|----------------|---------------|----------------------|---|-----|
| Síðumúli | 8.1° | Frávik frá meðaltali | - | 1.2 |
| Stykkishólmur | 8.4° | " " " | - | 0.9 |
| Hamraendar | 8.4° | " " " | - | 0.8 |
| Búðardalur | 7.6° | " " " | - | |
| Reykhólar | 7.9° | " " " | - | 1.2 |
| Kvígingisdalur | 8.1° | " " " | - | 0.7 |
| Þórustaðir | 8.1° | " " " | = | 0.8 |
| Æðey | 7.6 | " " " | - | 0.8 |
| Hlaðhamar | 7.5 | " " " | - | 0.6 |

Eins og sjá má af þessu, var sumarið mjög kalt. September var mjög kaldur, en í október keyrði um þverbak, en meðalhiti þess mánaðar var í Síðumúla -1.4° , sem er 4.7° undir meðaltali. Fjöldi frostdaga í október í Síðumúla var 26. Nóvember og desember voru einnig mun kaldari en í meðallagi, enda hljóp nú klaki djúpt í jörð.

Úrkoma ársins varð í Síðumúla 747 mm, sem er aðeins meira en meðalúrkoma.

Hinn 27. desember, 1980 gerði mikið vestanveður, og var óvejulega mikil selta í úrkomunni. Aftur gerði saltveður 17.-18. febrúar 1981, en selta var miklu minni en í fyrra veðrinu.

2. VÖXTUR OG ÞRIF.

Laufgun og lauffall birkis. Um norðanverðan Borgarfjörð var birki-skógur allaufgaður um miðjan júní. Í september gerði snemma frost og skrælnaði lauf áður en það var farið að gulna að ráði. Erfitt er því að segja um það hvenær eðlilegt lauffall hefði orðið, en sennilega í byrjun októbermánaðar. Lauf hélst víða á birki langt fram eftir hausti, og á reyniviði langt fram á vetur.

Vöxtur. Árssprotar á birki voru í lakara meðallagi, en á barrtrjám í góðu meðallagi.

Fræfall. Fræfall á birki var lítið og fræ illa þroskað, og var mikið af birkiflugulirfum í því. Talsvert var af könglum á sitkagreni, en fræið mjög illa þroskað.



Skaðar. Í febrúar fór að bera á því að barr á stafafuru fór að roðna, og eftir því sem leið á vetur komu skaðarnir betur og betur í ljós. Einkum var það vestur hlið trjáanna, sem fór illa. Skaðvaldurinn hlýtur að vera saltveðrið í desemberlok 1980, en saltveðrið í febrúar getur hafa bæt gáú ofan á svart. Skaðarnir náðu um allt Vesturland. Víða sá mikið á rauðgreni og sumsstaðr, t.d. í Dölum, á sitkagreni.

3. STARFSFÓLK.

Starfsemi var svipuð og undanfarin ár. Matarfélag starfaði frá 1. júní til 4. september. Auk tveggja fastra starfsmanna störfuðu, ráðskona, 4 piltar og fjórar stúlkur. Að venju var gefið sláttarfrí, að þessu sinni frá 27. júlí til 8. ágúst. Einn piltur starfaði fram í nóvember.

Í janúar fór Birgir Hauksson til Noregs, og sótti þar 5-vikna námskeið í skógarhöggi. Gunnar Eiríksson, Grjóti, sá að venju um viðhald girðinga í Þverárhlið og Hvítársíðu.

4. GIRÐINGAR.

Farið var með öllum girðingum í Mýrasýslu nema Stórafjallsgirðingu, Sauðhúsgirðingu og Munaðarnesgirðingu. Þá var farið með Hörðubólsgirðingu og Staðarfellsgirðingu í Dölum. Ýtt var fyrir nýrri girðingu í Jafnaskarðsskógi.

5. GRISJUN OG JÓLATRÉ.

Grisjað var bæði í Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi fyrir Skógrækt ríkisins en einnig fyrir Kaupfélag Borgfirðinga í Norðtunguskógi.

Jólatré voru höggvin nær eingöngu í Jafnaskarðsskógi. Skipting í stærðarflokka og fjöldi var þessi:

| | | | |
|-----------|----|---------------------|------------|
| 0.51-0.70 | 7 | 2.01-2.50 | 23 |
| 0.71-1.00 | 72 | 2.51-3.00 | 12 |
| 1.01-1.25 | 95 | 3.01-4.00 | 7 |
| 1.26-1.50 | 50 | 4.01-5.00 | 3 |
| 1.51-1.75 | 21 | 5.01-6.00 | 1 |
| 1.76-2.00 | 17 | <u>Jólatré alls</u> | <u>308</u> |

Heildsöluverð trjáanna var kr. 39.049.20. Stafafurugreinar voru seldar fyrir 2.780.00 kr.

Eins og undanfarin ár gulnuðu rauðgrenitré mikið um haustið, og urðu því færri en búist hafði verið við. Þá er fjarri því, að rauðgreni hafi jafnað sig eftir árið 1979.



6. GRÓÐRARSTÖÐ.

Sáning. Sáð var birkifræi í 50 fermetra, en sáningin mistókst algerlega, vegna þess að illgresi náði algerlega yfirhöndinni.

Dreifsetning. Þetta var dreifsett í Norðtungureit:

| | |
|-----------------------------|--------------------|
| Stafafura, Tumastöðum | 11.500 |
| Viðja | 2.500 (mistókst) |
| Strandavíðir | 5.100 |
| Gulvíðir (Djúpafirði) | 115 |
| Alaskavíðir | 2.200 (tókst illa) |
| Loðvíðir | 640 |

Afhentar plöntur.

| | |
|------------------|-------|
| Birki 1/2 | 4.645 |
| Viðja | 1.673 |
| Reyniviður | 12 |

Plöntur voru seldar skógræktarfélagum og tilskjólbelta fyrir kr. 11.475 og til einstaklinga fyrir kr. 10.325.50.

Eins og áður er getið var sumarið mjög kalt. Þær plöntur sem settar voru undir plast uxu sémilega, en hinar mjög illa, og fraus lafið áður en þær voru byrjaðar að gulna.

7. GRÓÐURSETNING.

| | | |
|------------------|--------------------|----------|
| Síðumúlagirðing: | Birki 1/2 B-950 | 1.000 ✓ |
| Norðtunguskógur: | Lerki 1/0 Altai | 2.762 ✓ |
| | Stafafura (pottap) | 19.496 ✓ |
| Arnbjargarlækur: | Lerki 1/0 Altai | 1.172 ✓ |
| Jafnaskarðssk.: | Lerki " " | 300 ✓ |
| | Blágr. B 825 | 850 ✓ |
| Gilsbakki: | Lerki 1/0 Altai | 88 ✓ |
| | Stafafura | 80 ✓ |
| | Sitkagreni T. rl. | 72 ✓ |
| Melsgirðing: | Lerki 1/0 Altai | 116 ✓ |

Alls 25.936

8. HIRÐINGPLANTNA.

Grisjað var og klippt frá plöntum í Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi. Einnig var unnið að snyrtingu væntanlegra jólatrjáa.

9. BYGGINGAR.

Vatnsleiðsla var lögð í Hreðakot úr vatnsbólum, sem fannst í Hreðakotsbrekkum. Vatnsleiðslan er ofanjarðar, svo að hér er aðeins um sumarvatn að ræða. Vaskur og klósett var sett í snyrtiherbergi og vaskur í eldhúsbörð. Þá var keyptur viðarofn til þess að hita upp Hreðakot.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Keyptur var nýr Zetor-traktor með framhjóladrifi. Reyndist hann ágætlega, en ef hann á að nýtast sem skyldi, þyrfti að kaupa á hann gröfu- og ámoksturstæki ásamt keðjum.

Tvær Jo-Bu vélsagir voru keyptar, og eru það ágætis verkfæri.

11. ÝMISLEGT.

Ferðalög. Helstu ferðalög utan Mýrasýslu voru þessi:

- 15. - 16. maí Ferð um Snæfellsnes
- 28. - 29. " Ferð um Dalasýslu
- 4. - 5. júní " " "
- 16. - 20. ág. Ferð um Vestfirði
- 22. - 25. " Aðalf. Skf. Ísl. Egilsstöðum og starfsm.f. Hallormsstað.
- 7. - 9. sept. Ferð í Ísafjarðardjúpi.

Ferðafólk og gestir. Ekki er mikið um ferðafólk nema í Jsfnaskarðs-skógi, en tjaldstæði eru ekki leyfð þar. Í júní var hinn árlegi skógardagur Skógræktarfélags Borgfirðinga, og var hann að þessu sinni í Norð-tunguskógi.

Haukur Þorgeirsson